

Kammerkór Seltjarnarneskirkju skipar í dag eftirfarandi söngfólk:

Sópran

Guðrún Lóa Jónsdóttir
Halldóra Eyjólfsdóttir
Katla Björk Rannversdóttir
Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir
Salka Rún Sigurðardóttir
Sigurlaug Arnardóttir

Alt

Anna Hafberg
Eygló Rúnarsdóttir
Freydís Prastardóttir
Ólöf Guðrún Sigurðardóttir
Sigbrúður Erla Arnardóttir
Þóra Passauer

Tenór

Ari Páll Kristinsson
Atli Guðlaugsson
Bjarni Atlason
Ólafur Guðmundsson
Snorri Valsson

Bassi

Árni Gunnarsson
Einar Þór Guðmundsson
Gautur G. Gunnlaugsson
Olgeir Helgason
Þorsteinn Þorsteinsson

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Elisabet Vala Guðmundsdóttir
Jónína Thorarensen
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Ásta Þorsteinsdóttir
Unnur Þorsteinsdóttir
Sungkyung Kang

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Sverrir Teitsson
Bianca Tighe
Matylda Hermanska

Klarinett

Barclay Anderson
Guðmundur G. Haraldsson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Snorri Heimisson

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Dagrún Hjartardóttir
Halla Björg Baldursdóttir

Kontrabassi

Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson

Horn

Sturlaugur Jón Björnsson
Torfi Þór Gunnarsson

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Gunnar Kristinn Óskarsson

Víola

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Guðjohnsen
Páll Ingvarsson
Sólrún Sigurðardóttir
Finnur Jónsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Pákur

Eggert Pálsson

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða sunnudaginn 14. febrúar
2016 í Seltjarnarneskirkju.

Hljómsveitin þakkar Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskirkju
ómetanlegan stuðning.



Tónleikar

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna ásamt Kammerkór Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 22. nóvember 2015 kl. 17:00

Öldungur og undrabarn




Einsöngvarar:

Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir
Sigurlaug Arnardóttir
Þóra Passauer
Ari Páll Kristinsson
Einar Þór Guðmundsson



Felix Mendelssohn



Joseph Haydn



Oliver Kentish



Friðrik Vignir Stefánsson

Stjórnendur:

Oliver Kentish og
Friðrik Vignir Stefánsson

Aðgangseyrir er kr. 2000,

afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Joseph Haydn (1732-1809): Sinfónía nr. 101 í D-dúr

Adagio – Presto

Andante

Menuetto, allegretto

Finale, vivace

– HLE –

Felix Mendelssohn (1809-1847): Magnificat

1. Kór: *Magnificat*

2. *Aría og kór: Quia respexit*

Ragnhildur Dóra Þórhallsdóttir, sópran

3. Kór: *Et misericordia*

4. *Aría: Fecit potentiam*

Einar Þór Guðmundsson, bassi

5. *Trío: Deposuit potentes*

Sigurlaug Arnardóttir, sópran, Þóra Passauer, kontra alt,

Einar Þór Guðmundsson, bassi

6. Kór og kvartett: *Gloria patri*

Sigurlaug Arnardóttir, sópran, Þóra Passauer, kontra alt,

Ari Páll Kristinsson, tenór, Einar Þór Guðmundsson, bassi

7. Kór: *Sicut erat*

Öldungur og undrabarn



Felix Mendelssohn



Joseph Haydn

Í dag fáum við tækifæri til að bera saman verk tveggja af höfuðskáldum tónlistarsögunnar. Fyrra verkið er eitt af síðustu verkum á löngum ferli Haydns, 101. sinfónía hans. Seinna verkið er eitt hið fyrsta eftir Mendelssohn en hann var ekki nema 13 ára þegar hann samdi það. Árið 1809 var örlagaár á ævi beggja, því þá lést sá fyrri en hinn síðari fæddist. Ekki liðu nema þrjár mánuðir á milli þessara atburða. Fyrra verkið er verk þroskaðs tónskálds sem hefur fullkomnið vald yfir stíl og tækni, og hafði raunar megináhrif á

þróun tónlistarinnar á sinni tiltölulega löngu ævi. Hann kenndi Mozart og lærði af honum líka. Hann var höfuðskáld klassíska tímabilsins. Mendelssohn varð einn af kyndilberum rómantíska tímabilsins en var bara barn þegar hér var komið sögu, undrabarn. Magnificat er nemandaverk, samið þegar Mendelssohn stundaði nám undir handleiðslu Carls Friedrich Zelter. Líta má á verkið sem stíllæfingu og það er stíll barokktímans sem hér er til umfjöllunar. Mendelssohn dáði Johann Sebastian Bach öðrum fremur og verkið er vafalaust samið með Magnificat Bachs að fyrirmynd, t.d. í sömu tóntegund. Kunnugir sjá líka samlíkingu við Magnificat eftir son Bachs, Carl Philip Emanuel. Það er líka greinilegt að hið unga tónskáld þekkti Messías eftir Händel. En umfram allt, í verkinu koma líka fram merkilegar hugmyndir ungs tónskálds sem svo sannarlega átti eftir að láta að sér kveða.

Verkin tvö fengu mjög ólíkar viðtökur. Haydn samdi sína sinfóníu fyrir aðra ferð sína til London 1794. Þar naut hann gríðarlegra vinsælda og verkinu var feiknavef tekið. Við frumflutninginn varð að endurtaka tvo fyrstu kaflana vegna fagnaðarlátanna. Óvíst er um flutning á æskuverki Mendelssohns fyrstu árin. Í fyrstu skrá yfir verk hans er þess ekki einu sinni getið. Ef til vill hefur mönnum þótt leika vafi á hlut kennarans í verkinu. Það er ekki oft á verkefnaskrá þekktara hljómsveita. Þetta er í annað sinn sem Kammerkór Seltjarnarneskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna flytja þetta Magnificat. Okkur er ekki kunnugt um að aðrir hafi flutt það hér á landi áður.

Kammerkór Seltjarnarneskirkju

var stofnaður árið 1994 af fyrirverandi organista kirkjunnar, Vieru Manasek. Kórinn syngur reglulega við kirkjulegar athafnir en auk þess heldur kórinn tónleika að jafnaði tvisvar sinnum á ári. Meðal verka, sem kórinn hefur flutt á undanförunum árum, má nefna *Missa Brevis* eftir Jacob de Haan, *Beatus vir* eftir C. Monteverdi, *Magnificat* eftir A. Vivaldi, kantöturnar *Wachet auf, ruft uns die Stimme* og *Herz und Mund und Tat und Leben* eftir J. S. Bach, *Magnificat op. 69*, *Hear my prayer* og *Drei geistliche Lieder op. 96* eftir Mendelssohn, *Missa Pastorale* eftir F.X. Brixli, *Salve Regina* og *Ave Maria* eftir Egil Gunnarsson, *Magnificat í g-moll* eftir Tomaso Albinoni, *Missa pastorale* eftir J. Ryba, *Beatus Vir RV597* eftir A. Vivaldi, *Freue dich, erlöste Schar BWV30* eftir J. S. Bach, *Magnificat* eftir C.P.E. Bach og *Ein hoher Tag Kömmt* eftir G.A. Homilius. Nú í haust flutti kórinn *Missa in honorem Beatissimae Virginis Mariae í Es-dúr* eftir J. Haydn. Einsöngvarar í þessum verkum koma yfirleitt úr röðum kórfélaga enda eiga margir þeirra að baki margra ára nám í klassískum einsöng.



Kammerkór Seltjarnarneskirkju



Friðrik Vignir Stefánsson

Friðrik Vignir Stefánsson organisti og tónlistarstjóri Seltjarnarneskirkju er fæddur og uppalinn á Akranesi. Hann lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum á Akranesi og kantors- og einleikarprófi í orgelleik frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Kennarar hans á orgel voru Haukur Guðlaugsson, Friða Lárusdóttir og Hörður Áskelsson. Veturinn 2005-2006 var Friðrik Vignir við orgelnám í Konunglega danska tónlistarháskólanum, þar sem kennari hans var Lasse Ewerlöf. Auk þessa sótti hann kórstjórnartíma í dönsku kirkjutónlistardeildinni. Á árunum 1988-2005 var hann organisti og kórstjóri við Grundarfjarðarkirkju, sem og skólustjóri Tónlistarskóla Grundarfjarðar. Friðrik Vignir var fyrsti organisti Hjallasóknar í Kópavogi, en frá hausti 2007 hefur hann starfað sem organisti við Seltjarnarneskirkju og stjórnandi Kammerkórs Seltjarnarneskirkju. Þá hefur Friðrik Vignir á síðustu árum haldið fjölda orgeltónleika, bæði hérlendis og erlendis, ásamt því að sækja meistaranámskeið hjá Rose Kirn, Jim Gotche, Mattias Wager, Christopher Herrick, Edward Kooiman og fleirum. Þá hefur hann síðustu ár sótt alþjóðleg sumarnámskeið í Haarlem í Hollandi og London.



Oliver Kentish

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna var stofnuð haustið 1990 og hélt því upp á aldarfjórðungsafmæli sitt með veglegum tónleikum í október í haust. Í hljómsveitinni leika hljóðfæraleikarar sem flestir hafa atvinnu af öðru. Hún er einnig vettvangur nemenda og tónlistarkennara til að iðka tónlist og viðhalda færni sinni. Hljómsveitina skipa að jafnaði 40-60 manns en alls hafa vel á annað hundrað manns leikið með henni í lengri eða skemmri tíma. Fjöldi þekktara, íslenskra einleikara og einsöngvara hefur komið fram með hljómsveitinni og hún hefur átt samstarf við marga kóra og flutt smærri og stærri verk fyrir kór og hljómsveit. Aðalstjórnandi og listrænn leiðtogi síðustu 10 árin er **Oliver Kentish**. Hann fæddist árið 1954 í London og þar hóf hann sellónám tólf ára gamall. Hann stundaði framhaldsnám við Royal Academy of Music þar sem aðkennari hans var Vivian Joseph. Árið 1977 fluttist hann til Íslands til þess að leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hann síðan tekið virkan þátt í tónlistarlífinu hér sem hljóðfæraleikari, kennari, stjórnandi og tónskáld. Opinberir aðilar hafa pantað hjá honum verk og hann hefur þrívægis verið staðartónskáld á Sumartónleikum í Skálholti þar sem verk hans voru frumflutt. Oliver hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna í Reykjavík, bæði sem hljómsveitarstjóri og hljóðfæraleikari. Hljómsveitin hefur auk þess frumflutt nokkur verka hans.